

**MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA
ÍSLANDS**

Laugavegi 31, 101 Reykjavík • Pósthólf 107 121 Reykjavík

Sími: 354-1-622 555 Fax: 354-1-625 315

307. mál

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. janúar 1997

Vísað er til bréfs yðar, dags. 3. des. 1996, er barst skrifstofunni 6. des. 1996, þar sem óskað er umsagnar varðandi frumvarp til laga um lágmarkslaun, 87. mál.

Réttur manna til sanngjarnra launa, sem tryggi þeim og fjölskyldum þeirra mannsæmandi líffskjör, er grundvallar mannréttindi. Hið sama má segja um rétt manna til hvíldar og hæfilegrar takmörkunar vinnutíma. Ísland á aðild að mannréttindasáttmálum þar sem þetta kemur fram. Þar má nefna 22. gr., 23. gr. og 24. gr. Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1948 og 7. gr. Alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningaleg réttindi frá 1966.

Stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands telur hins vegar að í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar séu mannréttindasjónarmið ekki höfð í huga. Í greinargerð með frumvarpinu er að mestu um samanburð við helstu viðmiðunarlönd, aðallega Danmörku, að ræða. Þegar óskað er umsagnar Mannréttindaskrifstofu Íslands um lagafrumvörp er æskilegt að það sé gert með mannréttindasjónarmið að leiðarljósí.

F. h. stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands